



# SKREF 4

græn SKREF

## 21 Aðgerð

Ná þarf að minnsta kosti 19 af 21 aðgerð í skrefi fjögur



### RAFMAGN & HÚSHITUN

Þar sem viðvera er lítil, svo sem á snyrtingum og í geymslum eru hreyfiskynjarar í stað rofa. Þar sem ekki er hægt að setja upp slíka nema eru áminningarmiðar um að slökka ljósinn.



### FLOKKUN & MINNI SÓUN

80% af úrgangi er flokkaður til endurnotkunar og endurvinnslu.

Við höfum gert greiningu á úrgangsmyndun, hvar helst er hægt að draga úr myndun hans og unnið minnst eina aðgerð til að draga úr úrgangsmagni.

Í mötuneyti geti starfsfólk keypt eða tekið með afganga heim.

Á snyrtingum eru blásarar eða handklæði til handþurrkunar, ekki einnota pappír.



### VIÐBURÐIR & FUNDIR

Á viðburðum og fundum okkar bjóðum við upp á umbúðalausar eða mjög umbúðalítar máltíðir.

Á viðburðum okkar býðst gestum að flokka að minnska kosti; pappír, plast lífrænan, skilgjalddskyldar umbúðir og almennan úrgang.

Ef boðið er upp á eitthvað á viðburðum okkar, bjóðum við upp á að minnsta kosti tvenns konar lífrænt ræktaðar og/eða siðgæðisvottaðar (Fair Trade) vörur.

Við val á gistirými bæði erlendis og innanlands er lögð áhersla á að velja staði með umhverfisvottun (type 1).



### SAMGÖNGUR

75% bílaflota vinnustaðarins notast við innlenda orkugjafa s.s. rafmagn, vetni og metan.

Gjalddskyld bílastæði við stofnunina eru ekki niðurgreidd fyrir starfsmenn.

Sérmerkt stæði fyrir umhverfisvænni farartæki eru við vinnustaðinn.

Við uppfyllum ákvæði gulls í hjólavottun vinnustaða.

Við bjóðum starfsfólki sveigjanlegan vinnutíma sé þess kostur, t.d. að mæta til vinnu utan háannatíma.



### INNKAUP

Á kaffistofum starfsmanna eru að minnsta kosti fjórir vöruflokkar lífrænt ræktaðir og/eða siðgæðisvottaðir (Fair Trade) (t.d. kaffi, sykur, mjólkurvörur, hunang, te, ávextir, grænmeti o.fl.).

Við veljum umhverfisvottuð raftæki eða raftæki með hæstu einkunn í orkunýtingu sem í boði er hverju sinni (A+++ eða álika).



### MÍÐLUN & STJÓRNUN

Stofnunin heldur grænt bókhald og skilar inn til [graenskref@graenskref.is](mailto:graenskref@graenskref.is) fyrir 1. apríl ár hvert.

Stofnunin hefur sett sér markmið í fjórum flokkum: um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna, úrgangs, pappírs og orkunotkun.

Við höfum metið stöðuna í græna bókhaldinu, metið árangur og skoðað tækifæri til úrbóta (undirbúningur fyrir skref 5).

Stofnunin hefur farið í aðgerðir við að kolefnisjafna losun vegna samgangna og úrgangs.

Stofnunin hefur tekið þátt í stærri verkefnum sem snúa að umhverfisvernd s.s. strandhreinsun, Samgönguvíku, Degi íslenskrar náttúru og Degi umhverfisins.